



Minnisblað - breytingar á 48. gr.

Við yfirferð á bæjarmálasamþykkt fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar hefur komið fram að gera þurfi minni háttar breytingar á C lið 48. gr. varðandi kosningar í nefndir og ráð.

1. Lagt er til að 3. tl. C. liðar 48. gr. breytist og verði eftirfarandi:

Fjórðungssamband Vestfirðinga: Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa í kjörnefnd Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt lögum sambandsins.

Umrætt ákvæði eins og það er í dag:

Fjórðungssamband Vestfirðinga: Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt lögum sambandsins.

Lögum Fjórðungssambandsins hefur verið breytt og eru allir bæjarfulltrúar kjörgengir á Fjórðungsþing. Aftur á móti vantar í samþykktir Ísafjarðarbæjar kosningu fulltrúa í kjörnefnd, samkvæmt 3. gr. laga Fjórðungssambandsins.

2. Lagt er til að við bætist nýr liður – 15. tl. C. liðar 48. gr. - varðandi svæðisskipulagsnefnd, sbr. 2. gr. starfsreglna nefndarinnar, auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda, nr. 676/2024:

Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Vestfjörðum: Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Vestfjörðum samkvæmt starfsreglum nefndarinnar.

3. Lagt er til að við bætist nýr liður – 16. tl. C. liðar 48. gr. – varðandi Farsældarráð Vestfjarða, sbr. 5. gr. laga nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna:

Farsældarráð Vestfjarða: Bæjarstjórn kýs einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í Farsældarráð Vestfjarða, sbr. 5. gr. laga nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Auk þess kýr bæjarstjórn einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í stjórn ráðsins.

4. Lagt er til að við bætist nýr liður – 17. tl. C. liðar 48. gr. – varðandi stjórn Lýðskólans á Flateyri.

Stjórn Lýðskólans á Flateyri: Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa í stjórn Lýðskólans á Flateyri, í samræmi við samþykktir Lýðskólans.

5. Lagt er til að við bætist nýr liður – 18. tl. C. liðar 48. gr. – varðandi Úrgangsráð Vestfjarða

Úrgangsráð Vestfjarða: Bæjarstjórn kýs einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í Úrgangsráð Vestfjarða, í samræmi við Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2025.

6. Lagt er til að við bætist nýr liður – 19. tl. C. liðar 48. gr. – varðandi Framkvæmasjóð Skrúðs

Framkvæmasjóður Skrúðs: Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa í Framkvæmasjóð Skrúðs, í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins.

Umræddar breytingar þurfa tvær umræður í sveitarstjórn.

Uppfært eftir sveitarstjórnarkosningar 2026:

Núverandi meirihluti hefur óskað eftir að gera breytingar á 1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar varðandi tímasetningu bæjarstjórnarfunda.

Í nágildandi samþykkt er fundartími mjög niðurnjörvaður, en rök eru fyrir því að hafa ákvæðið opnana þannig að hver sveitarstjórn geti ákveðið tímasetningu bæjarstjórnarfunda fyrir sig, þ.e. við upphaf hvers kjörtímabils.

Lagt er því til að 1. mgr. 8. gr. breytist og orðist svo:

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi sína tvisvar sinnum í mánuði í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Í upphafi hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn ákveða fundardaga og fundartíma sveitarstjórnar fyrir kjörtímabilið. Bæjarstjórn er heimilt að breyta fundartíma eða fundarstað sínum, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust.